



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngustjóri og borgarhönnun

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins við fyrirspurn Einstefnur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 16. ágúst 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Árið 2017 kynnti Reykjavíkurborg hugmyndir um einstefnuakstur í Sólvallagötu og Ásvallagötu, austan Hofsvallagötu, sérstaklega fyrir viðkomandi íbúum. Þá var fallið frá umræddum hugmyndum vegna andstöðu íbúa. Spurt er:

1. Af hverju ekki var efnt til íbúakynningar um málið nú eins og gert var árið 2017 heldur tillaga um einstefnu keyrð í gegn á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 28. júní sl. án þess að viðkomandi íbúar hefðu hugmynd um hana?
2. Af hverju voru athugasemdir íbúa við Ásvallagötu og Sólvallagötu frá árinu 2017, vegna hugmynda um einstefnuakstur á umræddum götuköflum, ekki kynntar fyrir umhverfis- og skipulagsráði áður en ný tillaga var lögð fyrir ráðið á síðasta fundi þess?
3. Af hverju voru umsagnir yfirverkfræðings umferðardeildar Reykjavíkurborgar um málið ekki kynntar fyrir umhverfis- og skipulagsráði áður en ákvörðun var tekin? Til dæmis umsögn hans frá 16. október 2017 þar sem fram kemur að líklegt sé að umferð, umferðarhraði og óhappatíðni muni aukast í umræddum götuköflum, verði slík einstefna tekin upp þar?

Fyrirspurninni var vísað til umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 23. ágúst 2023.

Svar við fyrirspurn

Fyrirspurninni er svarað með fyrirspurn um sama mál USK23080105

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri